

REGLUR

83
27. des.

um

**löggiltan skjalapappír, veðmálabækur, tilheyrandi skrár o. fl.,
samkvæmt lögum nr. 30 frá 1928.**

1. gr.

Sá, sem vill fá skjali þinglýst, skal afhenda það í tveim samhljóða frumritum eða í frumriti og eftirriti. Skal að minsta kosti annað frumritið eða eftirritið ritað á haldgóðan pappír, sem dómsmálaráðherra hefir löggilt til þess og látið merkja. Pappír þessi verður til sölu hjá sýslumönnum, bæjarfógetum, lögreglustjórum, hreppstjórum og bóksölum.

Ráðuneytið lætur þá, er selja pappír þenna, aðra en hreppstjórana, vita, hverjum þeir skuli gera reikningsskil og á hvern hátt. Sýslumaður gerir reikningsskil fyrir hreppstjóra sína.

2. gr.

Þannig skal rita á löggiltan skjalapappír, er binda á inn sem blöð í afsals- og veðmálabækur, að spássía, ekki mjórri en 4 sentimetrar, sje með kili, þ. e. vinstra megin á fyrstu síðu en hægramegin á annari síðu o. s. frv. á víxl. Er hentugast, að strikað sje þannig fyrir á skjalapappírnum.

Ekki skal afhenda skjal til þinglýsingar á heilörk, nema ritað hafi verið á meira en tvær síður.

3. gr.

Þau samrit eða eftirrit þinglýsingarskjala, sem dómari varðveitir, skulu, uns bundin verða í bók, geymd á tryggum stað í sjerstöku skjalahylki. Skal hylkið vera annaðhvort úr trje, leðri eða pappa. Það skal vera traust og læst, og svo stórt að ummáli, að skjölin geti legið þar óbrotin og óbeigluð, hvert ofan á öðru. Skulu skjölin tölusett og fyrsta skjal liggja neðst. Síðan skal hvert skjal lagt ofan á annað í rjettri röð. Tala skjala skal greind á viðeigandi skrá, sbr. 7. gr. laga nr. 30 frá 1928, er rita skal jafnóðum. Þegar nægilega mörg skjöl í bók eru komin, skulu þau bundin í traust skinnband. Í bók skal vera hið fæsta 250 blöð (500 síður), og eigi yfir 400 blöð.

Dómari sjer um að blaðsíður sjeu greinilega tölusettar og að bókin sje gegnumdregin og innsigluð með innsigli hans. Hann ritar yfirlýsing sína fremst í bókina um þetta og blaðsíðufjölda á venjulegan hátt.

83

4. gr.

27. des.

Um öll þinglýsingarskjöl skulu haldnar skrár. Skál í þær nota haldgóðan pappír og sem líkastan að stærð hinum löggilta skjala-pappír. Í skráum þessum skal ætla hverri fasteign í lögsagnarumdæminu og hverju skipi, sem er 5 smálestir eða meira, að minsta kosti tvær blaðsíður eða opnu í skránni, og skal jafnóðum og skjal er afhent til þinglýsingar geta þess á blaði fasteignar eða skips í rjettri röð eftir afhendingu.

Ennfremur skal halda persónunafnaskrá eftir stafrófsröð, og skal ætla hverjum bókstaf hæfilega mörg blöð. Þessi skrá tekur til allra, er þinglýsingarskjöl greina sem eiganda skjals og útgefanda. Nafnaskránni skal haga þannig, að raðað sje eftir upphafstaf eigin-nafns manns, nema hann hafi löglegt ættarnafn, er hann notar.

5. gr.

Þar sem það telst nauðsynlegt, skal halda sjerstaka skrá um aðrar lóðir en byggingarlóðir. Halda skal og sjerstaka bifreiðarskrá og skrá um skip minni en 5 smálestir.

Hvort skrár eru í einni eða fleiri bókum, fer eftir þörf, er hlut-aðeigandi embættismaður metur.

6. gr.

Reglur þessar ganga í gildi 1. janúar 1929.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 27. desember 1928.

Jónas Jónsson.

Sigfús M. Johnsen.